



R1502 0197

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

3580

Reykjavík 6. nóvember 2020

Tilv.: MMR20100098/2.3.11-

Efni: Óskað tilnefningar í starfshóp um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til þess að gera tillögur um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir. Í gildi er reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Starfshópnum er ætlað að vinna forvinnu sem upplýsir betur hvernig ber að vinna eftir reglugerðinni, afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum. Einnig er mikilvægt að skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þjóðarleikvanga, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu leikvanga ef þörf er á uppbyggingu sem og nýtingu mannvirkisins.

Mælst er til þess að starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en 1. apríl 2021.

Þess er hér með óskað að Reykjavíkurborg tilnefni einn fulltrúa í starfshópinn.

Samkvæmt 15. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.


Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði tveir einstaklingar, hvor af sínu kyni. Ráðherra skipar í nefndina/starfshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.


Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 1. desember nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á mrn@mrn.is.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Lára Ásbergisdóttir


Íva Sigrún Björnsdóttir

